

## NIÐURSTÖÐUR AÐALFUNDAR HEIMA HF. 2026

Aðalfundur Heima hf. var haldinn í Smárabíó, í salnum Flauel, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, mánudaginn 9. mars 2026. Fundurinn hófst klukkan 15:00.

### **2. Ársreikningur**

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

### **3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári**

Aðalfundur samþykkti að greiddur yrði arður til hluthafa vegna næstliðins reikningsárs sem nemur 0,40 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs útistandandi hlutafjár, sem samsvarar um 790 m.kr.

Hlutabréf sem viðskipti eru með frá og með 23. mars 2026 verða án arðsréttinda (arðleysisdagur). Miðað verður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 24. mars 2026 (arðréttindadagur) hvað varðar rétt hluthafa til arðgreiðslu. Arður verður greiddur út þann 14. apríl 2026 (arðgreiðsludagur).

Að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu.

### **4. Starfskjarastefna**

Vísað var til framlagðrar starfskjarastefnu og starfskjaraskýrslu. Aðalfundur félagsins samþykkti framlagða starfskjarastefnu, en stefnan er óbreytt frá þeirri starfskjarastefnu sem samþykkt var á aðalfundi þann 11. mars 2025.

### **5. Heimild til kaupa á eigin hlutum**

Lögð var fram tillaga stjórnar um að veita heimild til að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að félagið, ásamt dótturfélögum þess, geti, að uppfylltum öðrum lagaskilyrðum, átt allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 596/2014 um markaðssvik (MAR), sem og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1052, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Tillagan var samþykkt.

### **6. Breytingar á samþykktum félagsins**

Viðauki við samþykktir félagsins var samþykktur einróma í kjölfar 5. dagskrárliðar.

Tillögur stjórnar um breytingar á 4. og 23. gr. samþykktu félagsins voru samþykktar.

## **7. Kosning félagsstjórnar**

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í aðalstjórn til næsta aðalfundar:

*Birgir Már Ragnarsson  
Guðrún Tinna Ólafsdóttir  
Heiðrún Emíla Jónsdóttir  
Steingrímur Halldór Pétursson  
Tómas Kristjánsson*

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í varastjórn til næsta aðalfundar:

*Andri Sveinsson  
Bryndís Hrafnkelsdóttir*

## **8. Kosning endurskoðanda**

Aðalfundur samþykkti að Deloitte ehf., Dalvegi 30, 201 Kópavogi, yrði kjörið sem endurskoðunarfyrtæki félagsins.

## **9. Tilnefning nefndarmanns í endurskoðunarnefnd**

Aðalfundur samþykkti að Anna Þórðardóttir yrði tilnefnd í endurskoðunarnefnd félagsins.

## **10. Kosning nefndarmanns í tilnefningarnefnd**

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í tilnefningarnefnd til tveggja ára:

*Árni Gunnarsson  
Davíð Stefán Guðmundsson*

## **11. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil**

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknunir til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar:

Stjórnarformaður: 904.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 452.000 kr. á mánuði.

Varamenn: 452.000 kr. á ári og 226.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

Seta í undirnefndum stjórnar:

Nefndarmaður í starfskjaranefnd: 120.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 120.000 kr. á mánuði.

Formaður endurskoðunarnefndar: 195.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í tilnefningarnefnd: 80.000 kr. á mánuði.

Formaður tilnefningarnefndar: 140.000 kr. á mánuði.

## **12. Önnur mál löglega upp borin**

Ekki höfðu borist beiðnir um að önnur mál yrðu tekin á dagskrá fundarins.